

## 65. Fjórðungsping Vestfirðinga, haust. Dagskrá og fjárhagsáætlun 2021

**Frá** : Aðalsteinn Óskarsson <adalsteinn@vestfirdir.is>  
**Heiti** : 65. Fjórðungsping Vestfirðinga, haust. Dagskrá og fjárhagsáætlun 2021  
**Málsnúmer** : 2020050043  
**Málsaðili** : Fjórðungssamband Vestfirðinga  
**Skráð dags** : 29.09.2020 16:39:34  
**Höfundur** : Aðalsteinn Óskarsson <adalsteinn@vestfirdir.is>

**Viðhengi** [atkvaedavaegi-2020-haust.pdf](#)  
[Breyting á samþykktum og þingsköpum fjárhagsnefnd.docx](#)  
[Tillaga um laun stjórna og nefnda, 65. Fjþings 2020.docx](#)  
[boðun sveitarfélaga og dagskrá 65. Fjórðungsping haustþing.pdf](#)  
[árstillag\\_tillaga\\_65\\_Fjþings\\_2020\\_28sept2020.xlsx](#)  
[Tillaga\\_fjarhagsaetlun\\_FV\\_2021\\_samantekt\\_sundurliðanir\\_28sept2020.xlsx](#)  
[image004.png](#)  
[image003.gif](#)

Árneshreppur  
Bolungarvíkurkaupstaður  
Ísafjarðarbær  
Kaldrananeshreppur  
Reykholahreppur  
Strandabyggð  
Súðavíkurhreppur  
Tálknafjarðarhreppur  
Vesturbyggð

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga sendir hér með:

- endanlega dagskrá 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haust
- tillögu að fjárhagsáætlun 2021, unnin í samráði við fjárhagsnefnd FV sem kosin var á 65. Fj.þingi, vorþing
- tillögu að árstillagi sveitarfélaga fyrir árið 2021
- tillögu að launum stjórna og nefnda Fjórðungssambands Vestfirðinga
- tillögu að breytingu á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga um fjárhagsnefnd

Tillögur stjórnar FV að ályktunum verða sendar fyrir lok vikunnar.

Vakin er athygli á því að með nýjum samþykktum (1. jan 2020) þá gefa sveitarfélögin ekki lengur út kjörbréf til þingfulltrúa, hver og einn þingfulltrúi sig á þingið <https://www.vestfirdir.is/is/moya/formbuilder/index/index/skraning-a-fjordungsthing-2020> og eða veitir öðrum fulltrúa innan sinnar sveitarstjórnar umboð til að fara með atkvæði sitt og tilkynna það til sveitarstjórnar.

Um skráningu og atkvæðavægi, samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga segir hér.

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsping og atkvæðaréttur.

Fulltrúar á Fjórðungspingi eru aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn þeirra. Atkvæðafjöldi hvers sveitarfélags deilist jafnt niður á alla aðalmenn í sveitarstjórn. Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa frá eigin sveitarfélagi, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað. Framselji aðalmaður atkvæðarétt sinn til varamanns eða annarra þingfulltrúa, skal hann tilkynna það í sveitarstjórn og afhenda viðkomandi undirritaða yfirlýsingu því til staðfestingar, sem leggja þarf fram við komu á Fjórðungsping.

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðaréttur hvers

sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga  
Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

